



Ungmennaráð Hrunamannahrepps

5. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn miðvikudaginn
14. ágúst 2024 kl. 13:00 í Félagsmiðstöðinni Zero, Félagsheimilinu á Flúðum.

- Mættir til fundar, Anna Katrín Víðisdóttir formaður, Íris Birna Árnadóttir aðalmaður, Ingunn Lilja Arnórsdóttir aðalmaður.

Auk þeirra sat fundinn Þórarinn Guðni Helgason starfsmaður Ungmennaráðs sem ritaði
fundargerð í tölvu.

1. Ungmennaráð sér um að skipuleggja „Laugardagsfjör“ í Heilsuviku Hrunamannahrepps þann
21. september. að beiðni Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Ungmennaráð leggur til eftirfarandi
drög að dagskrá:
 - a. Afþreying/skemmtun í Lystigarði frá 15:00 – 18:00. Í boði verði ýmis tæki og afþreying
sem fengin yrði að láni frá Félagsmiðstöð og skóla. (borðtennis, þykhökký,
körfuboltaspil o.fl.). Hoppubelgir yrðu aðgengilegir.
 - b. Froðurennibraut í Kvennfélagsskógi (brekku) kl. 15:00.
 - c. Dagskrá myndi ljúka með Trúbador kl. 17:00 í Lystigarði.
2. Ungmennaráð óskar eftir fjármagni til þess að standa undir kostnaði við trúbador og
sykurpúða. Annar búnaður ætti að geta fengist að láni innan sveitarfélagsins (hljóðkerfi,
búnaður í zero o.s.frv.).
3. Ungmennaráð leggur til að íbúar fái aðgang að sundlaug/sturtum eftir froðurennibrautina.

Fundi slitið kl. 14:21